


ÞJÓÐARATKVÆÐI

29. ÁGÚST 2026

Hvað viltu vita?



Kíktu á **kosning.is**



Frá Landskjörstjórn

Frá Landskjörstjórn

29. ágúst 2026 verða kosningar á Íslandi.

Kosningarnar snúast um:

Á Ísland að byrja aftur aðildarviðræður við Evrópusambandið?

Landskjörstjórn sér um kosningar.

Í lögum stendur:

Landskjörstjórn á að kynna málið vel fyrir fólki.

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um kosningarnar.

Í bæklingnum eru einföld svör við þessum spurningum:

- Hvað er Evrópu-sambandið?
- Hvað eru aðildarviðræður?
- Hver er munurinn á Evrópu-sambandinu og EES?
- Hvað gerist ef þú segir já?
- Hvað gerist ef þú segir nei?

Málið er flókið.

Þess vegna er erfitt að gefa einföld svör.

Fólk er **ekki** sammála um Evrópu-sambandið.

Fólk er **ekki** sammála um hvað er best fyrir Ísland.

Þessi bæklingur getur **ekki** sagt hvað er rétt eða rangt.


Lagastofnun Háskóla Íslands skrifaði textann.

Markmiðið er að allir skilji textann.

Líka fólk sem veit lítið um Evrópu-sambandið.

Auðlesið gerði textann auðlesinn.

audlesid.is



Kosningarnar 29. ágúst 2026

29. ágúst 2026 verða kosningar á Íslandi.

Þú getur kosið utan kjörfundar frá 27. júlí.

Kosningarnar snúast um:

Á Ísland að halda aðildar-viðræðum við Evrópu-sambandið áfram?

Aðildar-viðræður eru:

Ísland og Evrópu-sambandið tala saman um að Ísland verði með í Evrópu-sambandinu.

Hver má kjósa?

Til að kjósa þarft þú að vera 18 ára eða eldri 29. ágúst 2026.

Þú þarft líka að búa á Íslandi.

Þú þarft líka að vera íslenskur ríkisborgari.

Að vera **ríkisborgari** þýðir að tilheyra ákveðnu ríki.

Til dæmis:

- Íslendingar eru íslenskir ríkisborgarar.
- Pólverjar eru pólskir ríkisborgarar.

Býrð þú í útlöndum?

Þú mátt kjósa á Íslandi í 16 ár eftir að þú flytur frá Íslandi.

Eftir 16 ár þarf að sækja um að mega kjósa.

Þá mátt þú kjósa í 4 ár í viðbót.

Þú kýst í þínu sveitarfélagi.

Þú sérð þinn kjörstað á kosning.is

Kjörstaðir eru oftast opnir milli 9 um morgun til 10 um kvöld.

Sumir kjörstaðir loka snemma.

Þú sérð upplýsingar um þinn kjörstað á heimasíðu sveitarfélagsins þíns.

Þarft þú aðstoð við að kjósa?
Allir geta fengið aðstoð.
Þú þarft **ekki** að segja af hverju.
Þú getur komið með þinn eigin aðstoðar-mann.
Þú getur líka fengið aðstoð frá starfsfólki á kjörstað.

Á vefsíðunni **kosning.is** finnur þú:

- fleiri upplýsingar
- útskýringar á orðum
- myndbönd
- efni á táknmáli
- efni á auðlesnu máli.

Hvað gerist ef flestir segja „já“?

Þá byrjar Ísland aftur að tala við Evrópu-sambandið.
Það er kallað **aðildar-viðræður**.

Ísland fer **ekki** strax í Evrópu-sambandið.
Fyrst þarf ýmislegt að gerast.

Í aðildar-viðræðum búa Ísland og Evrópu-sambandið til samning.
Kannski tekst **ekki** að búa til samning sem bæði vilja.
Þá geta Ísland og Evrópu-sambandið:

- gert hlé á aðildar-viðræðum
- hætt aðildar-viðræðum.

Kannski tekst að gera samning sem bæði vilja.
Samt þarf að gera fleira áður en Ísland fer í Evrópu-sambandið.

Hvað þarf að gerast svo Ísland fari í Evrópu-sambandið?

1. Flestir segja „já“ í kosningunum 29. ágúst 2026.
2. Ísland og Evrópu-sambandið fara í aðildarviðræður.
3. Ísland og Evrópu-sambandið búa til samning.
4. Þá kjósa Íslendingar aftur.
5. Í kosningunum kjósa Íslendingar um samninginn.
6. Alþingi breytir stjórnarskrá Íslands.
7. Stjórnarskráin er mikilvægustu lög landsins.
8. Til að breyta stjórnarskránni þarf að gera 3 hluti:
9. Flestir á Alþingi þurfa að samþykkja breytinguna.
10. Íslendingar kjósa aftur fólk á Alþingi.
11. Aftur þurfa flestir á Alþingi að samþykkja breytinguna.
12. Þá er samningurinn samþykktur.
13. Þá verður Ísland að fara eftir samningnum.
14. Utanríkisráðherra og Alþingi þurfa að samþykkja samninginn.
15. Forseti Íslands þarf að skrifa undir samninginn.
16. Öll 27 löndin í Evrópu-sambandinu þurfa að samþykkja samninginn.

Það er **ekki** skylda að halda kosningar um málið.

Ríkisstjórn Íslands lofar samt að halda kosningar um málið.

Hvað gerist ef flestir segja „nei“?

Þá byrjar Ísland **ekki** aftur að tala við Evrópu-sambandið.

Þá fer Ísland **ekki** í Evrópu-sambandið.

Samt getur Ísland byrjað að tala við Evrópu-sambandið seinna.

Ráðherrar og Alþingi geta ákveðið það.

EES-samningurinn gildir áfram.

EES-samningurinn er samningur um viðskipti í Evrópu.

Það skiptir **ekki** máli hvort fólk segir já eða nei.

EES-samningurinn gildir þar til Ísland fer kannski í Evrópu-sambandið.

Stjórnarskráin og Evrópu-sambandið

Fer Ísland í Evrópu-sambandið?

Þá fær Evrópu-sambandið fær vald til að:

- búa til reglur
- passa að allir fari eftir reglum
- dæma eftir reglum

Þetta er kallað **framsal ríkisvalds**.

Það þarf að breyta stjórnarskránni til að Ísland geti farið í Evrópu-sambandið. Ríkisstjórnin hefur **ekki** ákveðið hvernig á að breyta stjórnarskránni.

Það þarf að halda kosningar til Alþingis til að breyta stjórnarskránni. Þess vegna getur Ísland **ekki** farið í Evrópu-sambandið núna. Næsta ríkisstjórn þarf að klára málið.

Aðildar-viðræður

Í aðildar-viðræðum tala Ísland og Evrópu-sambandið saman. Markmiðið með aðildar-viðræðum er að gera samning. Samningurinn er um að Ísland fari í Evrópu-sambandið.

Í aðildar-viðræðum skoða Ísland og Evrópu-sambandið íslensk lög. Ísland og Evrópu-sambandið skoða líka reglur Evrópu-sambandsins. Fer Ísland í Evrópu-sambandið? Þá þarf Ísland að fylgja reglum Evrópu-sambandsins.

Í aðildar-viðræðum er líka talað um sérstakar reglur fyrir Ísland. Sérstakar reglur geta til dæmis verið:

- eitthvað sérstakt fyrir Ísland
- að Ísland þurfi **ekki** að fylgja öllum reglum
- meiri tími til að taka upp reglur.

Það er hægt að semja um sérreglur.

Evrópu-sambandið vill oftast að ný lönd fylgi öllum reglum.

Það er **ekki** víst að Ísland fái þær sérreglur sem Ísland vill.

Það er **ekki** hægt að vita það fyrirfram.

Ísland hefur ákveðin markmið.

Til dæmis að:

- Evrópu-sambandið eigi **ekki** náttúru-auðlindir Íslands
- Ísland ráði hvort lagður verði sæstrengur fyrir rafmagn
- Ísland ráði yfir fisknum í sjónum við Ísland
- landbúnaður fái nógu mikinn stuðning
- Ísland þurfi **ekki** að stofna her.

Fer Ísland í Evrópu-sambandið?

Þá þarf Ísland að fylgja reglum Evrópu-sambandsins.

Ísland þarf líka að fylgja nýjum reglum sem verða settar í framtíðinni.

Ísland fylgir mörgum reglum Evrópu-sambandsins.

Það er út af EES-samningnum.

EES-samningurinn er samningur um viðskipti í Evrópu.

Ríkisstjórnin heldur að aðildar-viðræðurnar taki 18 til 24 mánuði.

Ríkisstjórnin heldur líka að aðildar-viðræðurnar kosti næstum 2 milljarða króna.

Kosningarnar eru ráðgefandi

Niðurstaða kosninganna er **ráðgefandi**.

Það þýðir:

Alþingi og ríkisstjórnin þurfa **ekki** að fara eftir niðurstöðunni.

Ríkisstjórnin hefur samt lofað að fara eftir niðurstöðunni.

Í þessum bæklingi er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin fari eftir niðurstöðunni.

Hvað er Evrópu-sambandið?

Evrópu-sambandið er samstarf landa í Evrópu.

Löndin vinna saman í stjórnmálum og efnahags-málum.

Evrópu-sambandið setur reglur sem öll löndin þurfa að fylgja.

27 lönd eru í Evrópu-sambandinu.

Helstu stofnanir Evrópu-sambandsins

Leiðtoga-ráðið

Í Leiðtoga-ráðinu eru forsætis-ráðherrar eða forsetar landanna.

Leiðtoga-ráðið ákveður stefnu Evrópu-sambandsins.

Ráðherra-ráðið

Í Ráðherra-ráðinu eru ráðherrar frá löndunum.

Ráðherra-ráðið setur lög.

Ráðherra-ráðið ákveður hvað Evrópu-sambandið notar peningana sína í.

Evrópuþingið

Á Evrópuþinginu eru 720 Evrópu-þingmenn.

Evrópu-þingmenn eru kosnir í kosningum.

Fer Ísland í Evrópu-sambandið?

Þá fær Ísland minnst 6 Evrópu-þingmenn.

Framkvæmda-stjórn Evrópu-sambandsins

Framkvæmdastjórnin undirbýr ný lög.

Framkvæmda-stjórnin passar að löndin fylgi reglunum.

Í Framkvæmda-stjórninni er einn frá hverju landi.

Dómstóll Evrópu-sambandsins

Dómstóllinn ræður hvernig á að skilja reglurnar.

Seðlabanki Evrópu

Seðlabankinn á að passa upp á peningamálin.

Lög og reglur Evrópu-sambandsins

Reglur Evrópu-sambandsins gilda í löndunum.

Eru reglur Evrópu-sambandsins öðruvísi en lögin í landinu?

Þá gilda reglur Evrópu-sambandsins.

Efnahags-samstarf

Löndin í Evrópu-sambandinu eru með sameigin-legan markað.

Það þýðir að það er frjálst að flytja á milli landa:

- vörur
- fólk
- þjónustu
- peninga.

Það eru **ekki** tollar á milli landa í Evrópu-sambandinu.

Tollar eru gjöld sem þarf að borga.

Flest löndin nota sama pening.

Peningurinn heitir evra.

Samstarf

Evrópu-sambandið vinnur saman á mörgum sviðum.

Til dæmis:

- landbúnaði
- sjávarútvegi
- umhverfis-málum
- loftslags-málum
- utanríkis-málum
- varnarmálum.

Löndin ráða sjálf yfir öðrum málum.

Til dæmis:

- menntamálum
- heilbrigðis-málum
- sköttum.

Valdinu er skipt

Löndin gefa Evrópu-sambandinu vald til að setja reglur.
Valdinu er skipt á milli Evrópu-sambandsins og landanna.

Oftast þarf **ekki** samþykki allra landa til að setja nýjar reglur.
Það er nóg að **flest** löndin séu sammála.

Í sumum málum þurfa öll lönd að vera sammála.
Til dæmis þegar nýtt land kemur inn í Evrópu-sambandið.

Evrópu-sambandið hefur breyst mikið.
Evrópu-sambandið mun halda áfram að breytast í framtíðinni.

Hver er munurinn á EES og Evrópu-sambandinu?

Ísland er með í EES-samningnum.

EES stendur fyrir **Evrópska efnahags-svæðið**.

Ísland hefur verið með í EES síðan 1994.

Með EES-samningnum er auðveldara fyrir Ísland að vera í viðskiptum við Evrópu-sambandið.

Í staðinn þarf Ísland að fylgja ákveðnum reglum.

Hér er munurinn á EES og Evrópu-sambandinu útskýrður:

Reglur um hvað?

- **EES:**

Reglur um sameiginlegan markað.

Ísland er líka með í Schengen-samstarfinu um landamæri.

- **Evrópu-sambandið:** Samstarfið er meira en í EES.

- Samstarfið snýst líka um:

- tolla
- gjaldmiðil
- utanríkis-mál
- varnarmál
- landbúnað
- sjávarútveg
- og fleira.

Hvernig verða reglur að lögum á Íslandi?

- **EES:**

Alþingi eða ríkisstjórnin setja reglurnar í íslensk lög.

- **Evrópu-sambandið:**

Reglur Evrópu-sambandsins geta gilt beint á Íslandi.

Eru reglur Evrópu-sambandsins öðruvísi en íslensk lög?

Þá gilda reglur Evrópu-sambandsins.

Hver passar að allir fari eftir reglunum?

- **EES:**

Íslensk stjórnvöld passa að allir fari eftir reglunum.

- **Evrópu-sambandið:**

Löndin í Evrópusambandinu passa að allir fari eftir reglunum en stundum gera stofnanir Evrópusambandsins það líka.

Gefur Ísland frá sér vald?

- **EES:**

Ísland gefur **ekki** frá sér jafnmikið vald og lönd í Evrópu-sambandinu.

Ísland verður að setja reglur Evrópu-sambandsins í íslensk lög.

- **Evrópu-sambandið:**

Löndin gefa Evrópu-sambandinu vald í sumum málum.

Hefur Ísland áhrif á reglurnar?

- **EES:** Ísland má ekki kjósa um reglur.

- **Evrópu-sambandið:**

Fer Ísland í Evrópu-sambandið?

Þá er Ísland með í stofnunum Evrópu-sambandsins.

Þá getur Ísland verið með í að búa til reglur.

Í kosningunum 29. ágúst 2026 svarar þú einni spurningu. Þú merkir X við já eða nei:

„Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópu-sambandið?“

Í stuttu máli

Hvað gerist ef flestir svara „já“?

Ísland byrjar aftur að tala við Evrópu-sambandið.

Það þýðir **ekki** að Ísland fari strax í Evrópu-sambandið.

Markmiðið er að búa til samning.

Tekst að búa til samning?

Þá kýs fólk aftur á Íslandi.

Fólk kýs um hvort Ísland eigi að samþykkja samninginn.

Svo þarf Alþingi að breyta stjórnarskránni.

Hvað gerist ef flestir svara „nei“?

Þá byrjar Ísland **ekki** að tala við Evrópu-sambandið.

Ísland fer **ekki** í Evrópu-sambandið.

Samt gæti Ísland byrjað að tala við Evrópu-sambandið seinna.

Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?

☐ Já

☐ Nei